

Jón Karl Helgason

Íslenska bókmenntakerfið 1836
Drög að lýsingu

Meðal efnis í fyrsta árgangi *Fjölnis* árið 1835 var „Ævintýr af Eggerti Glóa“, eftir þýska skáldið Ludwig Tieck. Þar segir af riddaranum Eggerti og Bertu konu hans; þau lifa í ró og næði í kastala suður í Harzi í upphafi sögunnar en sjá sæng sína upp reidda áður en ævintýrið er úti. Eggert liggur í andarslitrunum í síðustu málsgreininni, örmagna yfir þeirri uppgötvun að Berta hafi verið systir hans.

Í næsta árgangi *Fjölnis* birtist gagnrýni á fyrsta heftið undir fyrirsögninni „Úr brjefi af Austfjörðum“. Höfundur er ekki nafngreindur en er talinn hafa verið séra Ólafur Indriðason. Viðbrögð hans við hinu nýja tímariti eru almennt jákvæð – „mjer líkaði Fjölnir vel, og víðast hvar ágjæta vel“ – en þegar talinu viku að þýðingunni á Tieck kemur annað hljóð í strokkinn:

Ævintýrið af Eggjerti glóa, eða önnur slík, held jeg aptur sjeu til lítills handa *flestum* Íslendingum; þeir hafa traudlega mikinn gáning á, og því síður gagn af, þeim. Að minnsta kosti hef jeg heírt marga ámæla, og hafa óbeit á, þesskonar skröksögum, sem þeir vita ekki þýðinguna í. Snotur kvæði, sennilegar sögur og þvíumlíkt, held jeg væru betur við alþíðu gjæð, og gjörðu meiri not.¹

Ummæli séra Ólafs voru ekki einsdæmi. Líkt og W. P. Senner hefur bent á, kvörtuðu fleiri lesendur yfir þýðingunni á sögu Tiecks, bæði í bréfum til ritstjóra *Fjölnis* og *Sunnanpóstisins*.² Hér á eftir langar mig að ræða stuttlega um þessi neikvæðu viðbrögð og svör Fjölnismanna við þeim í fjórða árgangi tímaritsins. Þessi skoðanaskipti gefa vissa vísbendingu um íslenskan bókmenntavettvang á fyrri hluta síðustu aldar. Greinilegt er að saga Tiecks ögraði ríkjandi viðmiðunum á þeim vettvangi og afhjúpaði jafnhliða hvað gott þótti og gilt.

I

Í verki sínu *Polysystem Studies* fjallar ísraelski fræðimaðurinn Itamar Even-Zohar um kosti þess að rannsaka bókmenntir sem kerfi fjölbreyttra andstæðna er lúti vissum grundvallarlögmálum. Even-Zohar segir að skipta megi öllum bókmenntakerfum í miðju og jaðar; þ.e. annars vegar þau verk sem ráðandi eru fyrir skilning okkar og mat á bókmenntum og hins vegar þau verk sem minna eru metin. Í þessu sambandi bendir hann t.d. á þann mun sem jafnan er gerður á fagurbókmenntum og afþreyingarbókmenntum, fullorðinsbókmenntum og barnabókmenntum. Hann telur ennfremur að einn aflvaki bókmenntasögunnar séu átök á milli andstæðra póla bókmenntakerfisins. Undir vissum kringumstæðum geti t.a.m. framsæknar jaðarbókmenntir steypt viðurkenndum verkum af stalli og með sama hætti kunni fagurbókmenntir að hagnýta sér listbrögð úr reyfurum. Bókmenntakerfi afmarkast venjulega af landamærum viðkomandi menningar- eða málsvæðis en áhugi Even-Zohars beinist þó ekki síður að áhrifum bókmenntakerfa hvert á annað og þar með að hlutverki þýddra bókmennta innan bókmenntakerfa.³

Fróðlegt er að rýna í ummæli séra Ólafs Indriðasonar um sögu Tiecks með hliðsjón af hugmyndum Even-Zohars. Samkvæmt lýsingu Ólafs er „Ævintýr af Eggerti Glóa“ *skröksaga* og dæmd til að verða jaðarfyrirbæri innan íslenskra bókmennta, þar sem *sennilegar sögur* og *snotur kvæði* sitja í öndvegi. Þessi staða virðist tengd þeim greinarmun sem Ólafur gerir á tvenns konar lesendum, annars vegar *flestum Íslendingum* eða *alþýðugæði* og hins vegar þeim fámenna hópi sem ekki er nefndur en hefur hugsanlega ánægju og not af sögu Tiecks. Hins vegar er ekki ljóst hvort orðið *gáning* í lýsingu Ólafs vísar til smekkvísi eða takmarkaðrar getu hins almenna lesanda. Í ljósi annarra dæma úr bréfinu – til dæmis þegar Ólafur lýsir hugmyndum Platóns sem því „nálar-auga, er alþíðu-skin, enn sem komið er, mun heldur stórgjert til að gjeta smogið í gjegnum“⁴ – má draga þá ályktun að honum sé ekki í nöp við Tieck-þýðinguna sem slíka, heldur að hún, rétt eins og umræðan um Platón, sé einfaldlega of strembin fyrir íslenskan almenning.

Ekki er þar með sagt að Ólafur vilji láta áhuga almennra lesenda ráða alfarið efnisvali *Fjölnis*. Þau orð hans að alþýðuskyn sé, *enn sem komið er*, of stórgert fyrir Platón, benda til þess að smekk og menntun almennings megi bæta. Hrifning Ólafs yfir fyrsta árgangi *Fjölnis* stafar ekki síst af þeirri stefnu ritsins „að veita fram lífstraumi“ íslenzku þjóðarinnar, eða vekja anda hennar“.⁵ Það er í þessu samhengi sem hann ræðir ekki aðeins um *gáning* eða *gæð* alþýðunnar heldur það *gagn* sem lesendur geta haft af bókmenntum. Hér má greina annað andstæðupar innan íslenska bókmenntakerfisins, það er að segja nytsamar bókmenntir andspænis gagnslausum. Nokkru aftar sakar Ólafur rímnakveðskapinn, til að mynda bálka Sigurðar Breiðfjörðs, um að spilla fegurðartilfinningu Íslendinga. Þetta, segir Ólafur um rímurnar, „er keípt eins ljúflega, og *miklu métr* tíðkað, enn Paradísar-míssir og Messía-ljóð“.⁶

Með þessari síðastnefndu athugasemd fullkomnar Ólafur lýsingu sína á íslenska bókmenntakerfinu eins og það birtist honum árið 1836. Á jaðri þess eru *skröksögur* á borð við „Ævintýr af Eggerti Glóa“ sem fáir skilja, njóta eða hafa gagn af. Í miðju kerfisins finnum við síðan *sennilegar sögur* og *snotur kvæði*, en undir þeim hatti virðast rúmast bæði vinsæll en „óvandaður“ rímnakveðskapur og viðurkenndar, nytsamar fagurbókmenntir af trúarlegum toga. Athyglisvert er að þarna sitja þýdd verk í öndvegi – *Paradise Lost* eftir Milton og *Der Messias* eftir Klopstock sem séra Jón Þorláksson hafði þýtt – en samkvæmt kenningum Even-Zohars bendir það til þess að íslenska bókmenntakerfið hafi á þessu stigi verið veikburða, háð erlendum fyrirmyndum.⁷

II

Í neðanmálgrein við ummæli séra Ólafs Indriðasonar um „Ævintýr af Eggerti Glóa“ skrifa ritstjórar *Fjölnis*:

Það er undarlegt, að so mörgum Íslendingum þikur lítið koma til sögunnar af Eggjerti glóa. Því verður ekki komið við í þetta sinn að sína, hvað snilldarlega hún er samin, og í hvarju fegurð hennar er fólgin; enn óskandi væri, einhver Íslendingur irði til að semja eitthvurt ævintíri, sem ekki væri lakara;

því þá væri nóg að snúa því á önnur mál, til þess að allar þjóðir í Norðurálfunni segðu við sjálfar sig: „það er óhætt að telja þennan Íslending með bestu skáldum á þessari öld!“⁸

Þessi orð eru athyglisverð fyrir margra hluta sakir en í bili nægir að benda á þann greinarmun sem hér er gerður á íslensku bókmenntakerfi og kerfum annarra Evrópuþjóða. Ef marka má ritstjórana skipar „Ævintýr af Eggerti Glóa“ heiðursess alls staðar í Norðurálfu nema á Fróni. Jaðarstaða þess hér á landi segir semsagt ekkert um söguna sem slíka heldur sannar það eitt að íslenska bókmenntakerfið er, í samræmi við legu landsins, á jaðri evrópskrar menningar.

Í inngangi fjórða árgangs *Fjölnis* gefa ritstjórnir sér síðan tíma til að ræða viðbrögðin við fyrri árgöngum. Þeir fullyrða þar að besta leiðin til að kynna erlendum þjóðum og menningarstraumum sé að lesa þýddar bókmenntir. Í samræmi við það hafi *Fjölnir* birt þýðingar á verkum eftir Tieck, Heine og fleiri skáld. Því sé „auðskjilið að þessháttar bókum á ekkji að sníða stakk eptir Íslandi. Það verður að taka þær, eins og þær eru“.⁹ Þessi stefna er mjög frábrugðin skoðunum séra Ólafs sem vill í vali á þýðingum taka tillit til getu, þarfa og smekks hins íslenska lesanda. Með hliðsjón af hugmyndum Even-Zohars virðast Fjölnismenn hafa ætlað að beita þýðingum til að endurskapa miðju íslenska bókmenntakerfisins.

Even-Zohar bendir á að þýðingar geti á vissum tímasteiðum verið leiðandi afl í bókmenntakerfinu. Við slíkar kringumstæður séu þær gjarnan settar í sambengi við merkisatburði bókmenntasögunnar, mörkin milli innlendra og þýddra verka verða óljós, og oftast en ekki eru framsæknustu rithöfundarnir jafnframt mikilvægustu þýðendurnir.¹⁰ Þessi lýsing á einstaklega vel við flestar þeirra þýðinga sem birtust í *Fjölni*, sérstaklega þýðingar og endurgerðir Jónasar Hallgrímssonar á skáldskap eftir Schiller, Heine, og fleiri skáld. En forsenda þess að slík nýsköpun gangi upp, segir Even-Zohar, er að verk séu valin til þýðingar með hliðsjón af ríkjandi viðmiðunum innan bókmenntakerfisins. Og í því efni virðast Fjölnismenn gera glappaskot með þýðingunni á sögu Tiecks. Hún er of nýstárleg. Þýðendurnir gera auk þess enga tilraun til að samhæfa hana

ríkjandi viðhorfum; *sníða henni stakk* eftir Íslandi. Þess í stað ætla þeir að fylgja fordæmi systranna úr Öskubusku og sníða til íslenska lesandann; markmið þeirra í inngangi fjórða árgangsins er hvorki meira né minna en að kenna almenningi „í hverju fegurð og snilld alls skáldskapar sje fölgjin“.¹¹

Gæði skáldskaparins, segja Fjölnismenn, fara ekki eftir innihaldi hans, heldur því hvort „hann samsvari kröfum skáldlegrar fegurðar, og sannleikans og siðseminnar“.¹² Þannig getur góður höfundur gert bæði hinn ytri og innri heim að yrkisefni sínu; hinn sýnilega og sögulega heim og hinn andlega og ósýnilega. Í báðum tilvikum getur hann svo valið milli þess að ræða um manninn eða náttúruna. Síðan segir:

ef skáldið tekur ekkji frásögur um menn, nje það sem firir augu hans ber, þegar hann fer að irkja, verður hann að smíða tilefnið sjálfur af ímindunarabli sínu, og fer hann þá eptir þekkjingu sinni á mannlegu eðli, að öllu samanteknu; fer þá skáldskapurinn eptir því, sem þessi þekkjing er fullkomnari, og hann lísir betur gjedshræringum þeirra og sálarásigkomulagi, sem um er kveðið.¹³

Á þessu stigi gæti maður átt von á að ritstjórnir færðu að túlka „Ævintýr af Eggerti Glóa“ sem innhverfan skáldskap um *geðshræringu og sálarásigkomulag manna* og skýra þær slæmu viðtökur sem þýðingin fékk með hliðsjón af smekk almennings fyrir sennilegum sögum. Því er þó ekki að heilsa. Þegar Fjölnismenn koma sér loks að því að túlka sögu Tiecks fyrir lesendur gera þeir það á þeim forsendum sem þeir byrjuðu á að gagnrýna. Skrif Tiecks eru í fyrsta lagi skýrð út frá sögulegum forsendum; sett í samband við aukna þjóðerniskennd í Evrópu. Í öðru lagi er honum jafnað saman við Walter Scott og þá reynt að sýna fram á hvernig „Ævintýr af Eggjerti Glóa“ felur í sér sögulegan fróðleik um þýsku ríkin á miðöldum sem áttu sér að sumu leyti hliðstæðu hér á landi:

Lendir menn eíddu þá í köstulum sínum, því sem jarðirkjummennirnir öbluðu í ánaud sinni. Hver höfðingjinn varð að vera var um sig firir öðrum, því so var ótriggjilegt og róstu-samt, líkt og hjer á Íslandi um sama leíði á Sturlungaöld.

Híðlí þeirra voru því optast nær umgjirt með rambiggjilegum múr, upp á hæstu leifum eður hólum, so langt mætti til sjá, ef ófriður færi að. Þetta er nú allt látið koma saman við stað og tíma í ævintírinu, þó líkast til hafi hvurkji Eggjert nje Berta nokkurn tíma verið til.¹⁴

Kenningin er með öðrum orðum sú að „Ævintýr af Eggerti Glóa“ sé sennileg saga eftir allt saman og eigi því heima í miðju íslenska bókmenntakerfisins.

Loks klykkja Fjölismenn út með því að fullyrða að megintilgangur Tiecks hafi verið að kenna lesendum skýra lexú; leiða þeim fyrir sjónir:

hvað af sindinni gjetur leítt, stundum eptir lánan tíma; hvursu tilhneíngingarnar fara að koma manninum til að ifir-gjefa götu sannleikans, ef þeim er leíft að komast upp í huga mannsins; hvursu eína sindina leiðir af annari, enn samvizkan breítir máli sínu eíns og fuglinn, að því skapi sem sakleísíð er varðveítt, eður því er tínt, og steípír þeim í skjelfíng og óhamíngju, er ránglega hefir breítt; og hvursu hegnin að lokunum dinur ifir vægðarlaust. Trauðla mun nokkur sú andleg ræða til, er þessi almennu sannindi sjeu sett firir sjónir almennilegar og tilfinnanlegar, enn í þessu ævintíri; ¹⁵

Mér þykir þessi túlkun á sögunni öllu betri en sú sögulega sem fyrr var nefnd, en langar jafnframt að benda á að Fjölismenn eru ekki einasta að reyna að staðsetja „Ævintýr af Eggerti Glóa“ í miðju bókmenntakerfisins, heldur þar að auki í öndvegi við hlið hinna trúarlegu verka. Niðurstaðan er a.m.k. sú að Tieck sé að fjalla um syndina og hegningu Guðs og eigi því væntanlega heima við hlið *Parásarmíssis* og *Messíaljóðs*.

III

Þeir sem fjalla um framlag Fjölismanna til íslenskrar bókmenntasögu benda gjarnan á þá samþættingu upplýsingar og rómantíkur sem átti sér stað í tímaritinu. Í grein um Jónas Hallgrímsson og nokkur ljóða hans segir Dagný Kristjánsdóttir að þessa andstæðu hugmyndastrauma megi skýra út frá ólíkum skoðunum innan ritstjórnarinnar. Tómas hafi verið hinn jarð-

bundni upplýsingarmaður á meðan þeir Jónas og Konráð hafi haft róttæka og fullkomlega fagurfræðilega lífssýn:

Í stefnuskrá *Fjölnis* 1835, segist ritstjórnin vilja auka framgang hins *nytsama*, hins *fagra* og *sanna*, auk þess að efla veg þess sem *gott* er og *síðsamlegt*. Tómas Sæmundsson skrifaði þennan inngang og taldi „nytsemína“ fyrsta þeirra dyggða sem *Fjölir* hefði í heiðri. Jónas og Konráð höfðu ekki nefnt neitt slíkt í boðsbréfinu árið áður. Þeirra framlag í fyrsta heftið var kynning á rómantísku tískuskáldunum Tieck og Heine – en um „nytsemi“ þeirra skálda má deila.¹⁶

Í stað þess að skýra deilurnar um Eggert Glóa út frá hefðbundnum bókmenntasögulegum hugtökum upplýsingar og rómantíkur og ólíkum áhugasviðum Fjölismanna sjálfra hef ég notað þær hér til að varpa ljósi á íslenskt bókmenntakerfi; þær hugmyndir um miðju og jaðar, hámenningu og lágmenningu, sem kunna að hafa stjórnað viðbrögðum Íslendinga við frumsömdum og þýddum bókmenntum á fjórða áratug síðustu aldar og þar með haft áhrif á störf skálda og þýðenda. Hér er aðeins um drög að rannsókn að ræða, vísbendingu sem viðameiri könnun þyrfti til að festa í sessi.

Hvað sögu Tiecks snertir er rétt að taka fram að hún hefur ekki aðeins staðið í almennum lesendum *Fjölnis* heldur lærðu bókmenntafólki víða um heim fram á þennan dag.¹⁷ Raunin er sú að sagan er full af mótsögnum sem erfitt er að leysa. Séra Ólafur Indriðason skilgreinir hana sem „skröksögu“ en það hugtak hefur hann beint úr sögunni sjálfri þar sem það birtist tvívegis sem þýðing á þýska orðinu „Märchen“.¹⁸ Í fyrra skiptið er Berta, eiginkona Eggerts Glóa, að segja vini þeirra hjóna, Filippusi Valtara, frá æsku sinni og uppeldi hjá fátækum foreldrum, sem hún yfirgefur þegar hún er átta ára gömul, og gamalli konu sem tekur hana þá að sér. Áður en Berta hefur frásögnina segir hún við Valtara: „Enn ekki megið þær halda, saga mín sè neín skröksaga, hvað undarlega sem hún hljóðar.“¹⁹ Síðar, nærri sögulokum, eftir að hafa misst Bertu og ráðið Valtara af dögum, hugsar Eggert Glói hins vegar að ævi sín hafi oft og tíðum verið „undarleg skröksaga, enn verulegt æfi-

skeið“.²⁰ Sagan virðist senda lesendum tvíræð skilaboð með þessum tveimur dæmum; hún skilgreinir sjálfa sig í senn sem skröksögu og and-skröksögu.

Nefna má dæmi um fleiri slíkar mótsagnir innan sögunnar. Hún líkist að vissu leyti hefðbundnu ævintýri en er um leið and-ævintýri vegna hins íróníska tóns og harmrænu söguloka. Vissulega má færa rök fyrir þeirri geistlegu túlkun sögunnar sem fram kemur í inngangi Fjölnismanna en sem kristin dæmisaga vísar hún ekki veginn til sáluhjálpar. Systkinin Eggert og Berta virðast dæmd til sinna illu örlaga. Allar tilraunir þeirra til að brjótast undan þessum örlögum færa þau aðeins nær hengifluginu. Hugsanlega væri rétt að leggja áherslu á þau orð séra Ólafs Indriðasonar að lesendur *Fjölnis* hafi óbeit á þeim skröksögum *sem þeir vita ekki þýðinguna í*. Þær viðtökur sem þýðingar á ævintýrum Hebel, H. C. Andersens og Grimm-bræðra fengu þegar þær birtust í síðari árgöngum *Fjölnis* benda ekki til að íslenskir lesendur ættu í vandræðum með að njóta slíkra texta, þó að sumir efuðust áfram um nytsemi þeirra. Saga Tiecks hefur hins vegar þá sérstöðu að hún fellur ekki inn í einhverja eina, heildstæða túlkun. Boðskapur hennar er óljós. Frá þessum sjónarhóli bera viðtökur sögunnar hér á landi árið 1836 ekki einhvern sérstakan vott um tregðu íslenskra lesenda eða vanþróun íslensks bókmenntakerfis. Þess í stað má líta á þær sem staðfestingu á margræðni sögunnar, óljósu eðli hennar, einkennum hennar sem ... skröksögu.

Tilvitnanir

- 1 „Úr brjefi af Austfjörðum.“ *Fjölnir* 2 (1836), s. 38 og 40.
- 2 Sjá W. P. Senner. *The Reception of German Literature in Iceland, 1775-1850*. Amsterdam (1985), s. 122-53.
- 3 Itamar Even-Zohar. *Polysystem Studies*. Sérhefti *Poetics Today* 11/1 (vor 1990), s. 1-44.
- 4 „Úr brjefi af Austfjörðum“, s. 40-41.
- 5 Sama rit, s. 38.
- 6 Sama rit, s. 42.
- 7 Itamar Even-Zohar. *Polysystem Studies*, s. 47.
- 8 „Úr brjefi af Austfjörðum“, s. 40.
- 9 „Fjölnir.“ *Fjölnir* 4 (1839), s. 8.
- 10 Itamar Even-Zohar. *Polysystem Studies*, s. 46.
- 11 „Fjölnir“, s. 9.
- 12 Sama rit, s. 9.
- 13 Sama rit, s. 11.
- 14 Sama rit, s. 14.
- 15 Sama rit, s. 14.
- 16 Dagný Kristjánsdóttir. „Skáldið eina! Um nokkur ljóð Jónasar Hallgrímssonar.“ Fyrri hluti. *Tímarit Máls og menningar* 50/2 (1989), s. 176.
- 17 Alan Corkhill ræðir ólík viðbrögð fræðimanna við sögunni í bók sinni *The Motif of „Fate“ in the Works of Ludwig Tieck*. Stuttgart (1978). Sjá ennfremur: V. C. Hubbs „Tieck, Eckbert und das kollektive unbewußte.“ *PMLA* 71 (1956); James Trainer, „The Incest-Theme in the Works of Tieck.“ *Modern Language Notes* 71/6 (júní 1961); Raymond Immerwahr. „Der blonde Eckbert as a poetic Confession.“ *GQ* 36 (1961); W. J. Lillyman. „The Enigma of Der blonde Eckbert: The Significance of the End.“ *Seminar* 7/1 (mars 1971); Von Heinz Schlaffer, „Roman und Märchen“ in *Ludwig Tieck*. Darmstadt (1976).
- 18 Sjá Ludwig Tieck. „Der blonde Eckbert“. *Die Märchen – Aus dem Phantasia – Dramen*. Darmstadt (1964), s. 10 og 23.
- 19 L. Tieck. „Ævintír af Eggèrti Glóa.“ *Fjölnir* 1 (1835), s. 147.
- 20 Sama rit, s. 166.